

Samningur
milli Danmerkur, Íslands og Noregs
um samstarf í samkeppnismálum

Ríkisstjórnir Danmerkur, Íslands og Noregs

- sem leitast við að efla frekar og gera samstarfið milli danskra, íslenskra og norskra samkeppnisyrvalda formlegra í því skyni að stuðla að skilvirkari framkvæmd samkeppnislöggjafar í hverju hinna þriggja ríkja um sig,
- sem samkvæmt samkeppislöggjöf í þeirra eigin ríkjum geta sent áfram upplýsingar til samkeppnisyrvalda annarra ríkja, sem bundin eru þagnarskyldu samkeppnisyrvalda, ef áframsendingin er nauðsynleg til þess að efla framkvæmd samkeppnislöggjafar þessara ríkja, og áframsendingin á sér stað í því skyni að fullnægja tvíhliða eða marghliða skuldbindingum Danmerkur, Íslands og Noregs,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. grein

Skilgreiningar

Í samningi þessum eru eftirfarandi orð og hugtök skilgreind þannig:

- a) „Samkeppnislög“ eru þau lög sem í gildi eru á hverjum tíma en þau eru um þessar mundir:
- i) að því er varðar Danmörku annars vegar lög nr. 384 17. júní 1997 með síðari breytingum, sbr. tilkynningu um lög nr. 687/12. júlí 2000, ásamt reglugerðum sem gefnar eru út samkvæmt heimild þar,
 - ii) að því er Ísland varðar lög nr. 8/25. febrúar 1993, samkeppnislög með síðari breytingum,
 - iii) að því er varðar Noreg lög dags. 11. júní 1993 nr. 65 um samkeppni í atvinnurekstri (om konkurranse i ervervsvirksomhet), lög dags. 11. júní 1993 nr. 66 um aðgerðir í verðlagsmálum með síðari breytingum (om pristiltak med senere ændringer).

„Samkeppnisyfirvald(yfirvöld)“, „yfirvald(yfirvöld)“ eða „aðil(ar)i“ merkir

- i) að því er varðar Danmörku: Konkurrencestyrelsen,
- ii) að því er varðar Ísland: Samkeppnisstofnun,
- iii) að því er varðar Noreg: Konkurransetilsynet.

„framkvæmd laga“ merkir

- i) beiting samkeppnislöggjafar í tengslum við kannanir, eftirlit, ákvarðanir og ferli á vegum eins eða fleiri yfirvalda.
- b) „Samkeppnishamlandi starfsemi eða atferli“ ræðst af samkeppnislöggjöf einstakra aðila og getur til dæmis verið fölginn í
- i) að ákveða kaup- eða söluverð eða aðra viðskiptaskilmála
 - ii) að takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingum,
 - iii) að skipta mörkuðum eða birgðalindum,
 - iv) að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum fyrir þjónustu sem hefur sama verðmæti,
 - v) að setja sem skilyrði fyrir samningagerð að hinn viðsemjandinn taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju, eða
 - vi) að misnota, einn eða ásamt öðrum, markaðsráðandi stöðu.

c) Hugtökin „samruni“ og „yfirtaka fyrirtækja“ eru skilgreind í

- i) að því er varðar Danmörku: í 12. gr. a. laga nr. 416/12. júlí 2000,
- ii) að því er varðar Ísland: 4. og 18. gr. laga nr. 8/25. febrúar 1993, sbr. lög nr.

107/25. maí 2000

iii) að því er varðar Noreg: 3.-11. gr. laga dags. 11. júní 1993 nr. 65 um samkeppni í atvinnurekstri (om konkurranse i ervervsvirkisomhet).

2. grein

Upplýsingaskylda

1. Samkeppnisyfírvöld í Danmörku, á Íslandi og í Noregi veita hver öðrum upplýsingar um tilvik, þar sem yfírvöld veita því athygli að aðgerðir af þeirra hálfu við framkvæmd laga geta haft áhrif á veigamikla samkeppnisréttarlega hagsmuni sem heyra undir lögsögu annarra samkeppnisyfírvalda.

Þær aðgerðir við framkvæmd laga sem almennt teljast við hæfi að tilkynna um eru aðgerðir sem

- a) skipta máli varðandi aðgerðir einna, tvennra eða allra þrennra samkeppnisyfírvalda við framkvæmd laga,
 - b) varða samkeppnishamlandi starfsemi sem að verulegum hluta á sér uppruna eða á sér stað í lögsögu samkeppnisyfírvalda eins, tveggja eða allra þriggja ríkja,
 - c) varða samruna eða yfirtöku fyrirtækis þar sem einn eða fleiri þátttakendur í yfírfærslunni er fyrirtæki sem er skráð, stofnað eftir að löggin voru sett eða er heimilisfast í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi eða í tveim ríkjum eða öllum þrem,
 - d) varða samkeppnishamlandi hegðun sem eitt land sem stendur að samningnum er talið hafa krafist, stuðlað að eða samþykkt,
 - e) varða ákvarðanir sem í eðli sínu teljast íhlutun og krefjast eða banna tiltekna samkeppnishamlandi hegðun í lögsögu annars samningslands.
2. Um samruna eða yfirtökur fyrirtækja, sem geta haft áhrif á mikilvæga samkeppnisréttarlega hagsmuni, sem tilheyra lögsögu annars yfirvalds, og eiga samkvæmt löggjöfinni að tilkynnast samkeppnisyfírvaldum og/eða sem yfírvöld fá vitneskju um og/eða yfírvöld taka sjálf til meðferðar, skal samkvæmt þessari grein tilkynnt:
 - a) að því er varðar Danmörku: til Konkurrencestyrelsen,
 - b) að því er varðar Ísland: til Samkeppnisstofnunar,
 - c) að því er varðar Noreg: til Konkurransetilsynet.

3. Dönsk, íslensk og norsk samkeppnisyfírvöld tilkynna einnig hver öðrum um öll þau tilvik þar sem samkeppnisyfírvöld skipta sér af eða taka á annan hátt þátt í stjórnsýslulegu eða réttarfarslegu ferli, sem er ekki fylgt eftir með ráðstöfunum í þá veru að framfylgja lögum ef þau atriði sem afskiptin eða þátttakan varðar geta haft áhrif á mikilvæga samkeppnisréttarlega hagsmuni hjá öðrum aðila samningsins.

3. grein

Skipti á upplýsingum sem eru ekki trúnaðarmál

1. Aðilar eru sammála um að það þjónar sameiginlegum hagsmunum þeirra að skiptast á upplýsingum sem eru ekki trúnaðarmál og sem
 - a) gera mögulega skilvirkari beitingu samkeppnislöggjafar í hverju landi, eða
 - b) bæta skilning þeirra á lögfræðilegum og efnahagslegum skilyrðum og kenningum sem varða aðgerðir þeirra við framkvæmd laga o.fl., eða aðstæður sem getið er í 3. tl. 2. gr.

4. grein

Skipti á trúnaðarupplýsingum

1. Aðilar eru sammála um að það þjónar sameiginlegum hagsmunum þeirra að skiptast á trúnaðarupplýsingum. Það er forsenda þess að samkeppnisyfirvöld afhendi trúnaðarupplýsingar að upplýsingarnar:
 - a) séu háðar þagnarskyldu hjá þeim samkeppnisyfirvöldum sem taka við upplýsingunum sem að minnsta kosti samsvarar þeirri þagnarskyldu sem gildir hjá þeim samkeppnisyfirvöldum sem afhenda trúnaðarupplýsingarnar, og
 - b) séu eingöngu nýttar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í samningi þessum, og
 - c) verði aðeins af viðtakandi samkeppnisyfirvöldum látnar af hendi með ótvíræðu samþykki þeirra samkeppnisyfirvalda sem létu upplýsingarnar í té og verði aðeins nýttar í þeim tilgangi sem samþykkið nær til.

5. grein

Formkröfur o.fl.

Tilkynningar frá einum samkeppnisyfirvöldum til annarra samkeppnisyfirvalda samkvæmt 2. gr þessa samnings skulu vera skriflegar (fax og tölvupóstur meðtalinn). Önnur erindi geta verið munnleg eða skrifleg.

Aðilar skulu skriflega tilkynna hverjir öðrum um breytingar, sem verða eftir gerð þessa samnings á samkeppnislöggjöf sinni eða annarri löggjöf, sem skiptir máli fyrir samninginn.

6. grein

Nýir samningsaðilar

Ef allir aðilar að þessum samningi eru sammála um það er unnt að innlima fleiri samningsaðila.

7. grein

Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi 1. mars 2001.

8. gr.

Endurskoðun og uppsögn

Samninginn má ávallt taka til endurskoðunar og sömuleiðis er hverjum aðila um sig heimilt að segja honum upp skriflega með 60 (sextíu) daga fyrirvara.

Gerður í Brussel þann 28. febrúar 2001 í einu eintaki á dönsku, íslensku og norsku, og hefur texti eintakanna allra sama gildi.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:

Fyrir ríkisstjórn Íslands:

Fyrir ríkisstjórn Noregs: